

Framkvæmd 8 og 10 klukkustunda vaktakerfa framleiðslu og lokavöru hjá PCC BakkiSilicon hf.

PCC hefur innleitt nýtt 8 klst. vaktakerfi í framleiðslu og 10 klst. vaktakerfi í lokavöru. Vaktakerfin byggja á ákvæðum sérkjarasamnings um að heimilt sé að skipuleggja vaktavinnu þar sem vaktir eru 8 – 12 klst.

Samkvæmt sérkjarasamningi eru greiddir tímar með neysluhléum 39 klst. að meðaltali á viku / 169 klst. á mánuði og virkur vinnutími 36 klst. að meðaltali á viku / 156 klst. á mánuði, í báðum tilfellum að teknu tilliti til vinnutímastyttingar. Vaktir eru skipulagðar miðað við að árlegur vinnutími sé innan þeirra marka. Allar tölur hér að neðan miðast við greiddar stundir. Um neysluhlé á vöktum fer skv. kjarasamningi.

8 klukkustunda vaktir framleiðslustarfsmanna

8 klst. vaktir eru nú skipulagðar með 5 vakthópum. Vaktatafla skal liggja frammi fyrir a.m.k. fjórar vikur í senn. Í hverri viku er 21 vakt og skilar hver vakthópur því 4,2 vöktum að meðaltali á viku. Það svarar til 33,6 klst. að meðaltali á viku eða 145,6 klst. að jafnaði á mánuði. Til að ná fullri vinnuskyldu skv. kjarasamningi er bætt við „bætivökta“ og annarri vinnu sem fellur undir starfssvið starfsmanna sem svarar til 5,4 klst. að meðaltali á viku eða 23,4 klst. á mánuði. (145,6+20+3,4=169 heildartímar, að teknu tilliti til vinnutímastyttingar).

Framkvæmd verður þannig að bætivökta verður bætt inn í vaktaplan í réttu hlutfalli milli dag/kvöld/nætur/helga og þær greiddar með samningsbundnu 45% jafnaðarvaktaálagi sbr. gr. 20.4.4. í kjarasamningi SA-SGS. Fjöldi bætivakta að meðaltali á mánuði verður 2,5 (20 klst.). Það sem út af stendur, 3,4 klst. á mánuði eða 40 klst. á ári, verður nýtt í þjálfun og námskeið sem boðað verður til með eðlilegum fyrirvara. Tímar sem ætlaðir eru í þjálfun og/eða fyrir námskeið á hverju ári falla niður um hver áramót hafi þeir verið nýttir, án skerðingar á launum.

10 klukkustunda vaktir starfsmanna í lokavöru. 7 – 7 vaktakerfi.

10 klst. vaktir eru skipulagðar með 2 vakthópum og er miðað við að unnið sé frá kl. 08 – kl. 18 alla daga vikunnar. Vaktafla skal liggja frammi fyrir a.m.k. fjórar vikur í senn. Miðað við núverandi skipulag er miðað við að unnið sé frá föstudagi til fimmtudags. Á hverjum tveimur vikum skilar hvor vakthópur 70 klst. eða 35 klst. að meðaltali á viku. Til að ná fullri vinnuskyldu skv. kjarasamningi er bætt við bætivöktum og og annarri vinnu sem fellur undir starfssvið starfsmanna sem svarar til 4 klst. að meðaltali á viku eða 17,33 klst. á mánuði. Fjöldi bætivakta að meðaltali á mánuði verður 1,6 (16 klst.). Það sem út af stendur, 1,33 klst. á mánuði eða 16 klst. á ári, verður nýtt í þjálfun og námskeið sem boðað verður til með eðlilegum fyrirvara. Tímar sem ætlaðir eru í þjálfun og/eða fyrir námskeið á hverju ári falla niður um hver áramót hafi þeir ekki verið nýttir, án skerðingar á launum. (151,55+16+1,33=169 heildartímar, að teknu tilliti til vinnutímastyttingar).

Greitt verður vaktaálag á 7 – 7 vöktum skv. 2. mgr. 4. gr. kjarasamnings, að teknu tillit til yfirvinnu / stórhátiðarkaups skv. 3. mgr. 4. gr. Fyrir vinnu á bætivökta er greitt eftir því hvenær þær eru unnar. Undirbúnings- og frágangsgreiðslur skv. 11. gr. sérkjarasamningsins skerðast ekki með upptöku kerfisins.

Húsavík, 03.01.2025

A photograph of handwritten signatures and a printed stamp. The stamp is red and reads "FRAMSÝN" in large letters, with "STETARLEIÐ FÍNGYLINGA" in smaller letters below it. To the left of the stamp, there is a signature that appears to read "Mági Már". To the right, there is a signature that appears to read "K. Hákon". Below the stamp, there is another signature that appears to read "Lækkur?".

Andri Dan Transfason
Marella Steinsohl